


HAUSTATGÖRNI



Jákvæður agi

Við vinnum eftir agastefnunni Jákvæður agi (Positive Discipline).

Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni.

Meginreglur Jákvæðs aga hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar og þær auðvelda að finna lausnir til frambúðar. Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum.

Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.

Jákvæður agi er uppeldisstefna byggð á sjálfstjórnarkenningum en helstu höfundar eru Alfred Alder, Rudolf Dreikurs og Jane Nelsen.

- Það sem stýrir hegðun okkar er að við erum knúin áfram af innri þörfum—því að tilheyra.
- Við höfum mest áhrif þegar við höfum samskipti sem byggjast á gagnkvæmri virðingu.
- Áhrifamestu verkfærin eru samhygð, skilningur, lausnaleit, góðvild og festa.
- Við sýnum gagnkvæma virðingu, í samskiptum eiga allir aðilar virðingu skilið.
- Okkar viðbrögð við óæskilegri hegðun er að leita orsaka hegðunarinnar, við finnum lausnir og fylgjum ákvörðunum eftir.
- Okkar viðbrögð við hættulegri hegðun er skýr eftirfylgd og rökréttar afleiðingar.
- Nám fer fram þegar börn upplifa tilgang, sjálfstjórn og þátttöku.

Við höfum heilann í hendi okkar. Við þurfum tækifæri til að jafna okkur og ná ró eftir að hafa orðið æst, hrædd eða reið til að geta hugsað rökrétt.

Börnum gengur betur þegar þeim líður vel. Þau eru mun tilbúnari til samstarfs og að læra nýja hluti. Þau sýna hlýju og virðingu þegar þau finna hvatningu og væntumþykju. Börnum sem líður illa og finnst þau niðurlægt eða skammast sín gengur ekki vel að tileinka sér ný viðhorf eða nýja hegðun.

Grunnhugtök í Jákvæðum aga eru:

Virðing endurspeglast í þeirri kurteisi sem fólk sýnir hvert öðru, hvernig það talar við aðra og um það og hvernig það fer með eigur annarra. Tal og framkoma sem einkennist af virðingu veitir fólki þá reisu sem því ber.

Góðvild er að sýna væntumþykju og hlýju í verki en ekki skamma, niðurlægja eða lesa yfir öðrum.

Festa felst í því að standa við það sem sagt er og sjá til þess að fyrirfram ákveðnum verkefnum verði lokið.

Við leggjum áherslu á að skapa jákvætt andrúmsloft vinsemdar, stöðugleika, tillitsemi og gagnkvæmrar virðingar. Við notum verkfæri Jákvæðs aga sem stjórnæki. Við höldum barnafundi reglulega. Við reynum að finna orsakir fyrir hegðun barnanna. Við hvetjum börnin áfram og leitum hvert til annars við úrlausn vandamála.

Við trúum því að mistök séu tækifæri til að læra. Mikilvægt er að kenna börnum að losna við sektarkennd, skömm og ásakanir eftir að hafa gert mistök. Að geta beðist afsökunar á mistökum og fundið út í sameiningu hvernig hægt er að læra af þeim bætir oft samskipti og þau geta orðið betri heldur en þau voru áður en mistökin voru gerð.